

AUGLÝSING

um breytingar á skilmálum deiliskipulags í Reykjavíkurborg.

Árskógar 5-7.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 16. janúar 2019, breytingu á skilmálum deiliskipulags Suður-Mjóddar vegna lóðarinnar nr. 5-7 við Árskóga. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni bílakjallara og kjallara. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Úlfarsárdalur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 16. janúar 2019, breytingu á skilmálum deiliskipulags í Úlfarsárdal. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni á lóð Úlfarsbrautar 122-124 og 126. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 23. janúar 2019.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 25. janúar 2019